

Ed.

210. Breytingartillögur

[91. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (KK og HB).

1. Við 1. gr. Við greinina bætist ný málsgrein:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að ríkissjóður taki að sér greiðslu á föstum lánnum, erlendum og innlendum, sem tekin hafa verið handa Raforkusjóði vegna rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins, eins og lánin verði við lok ársins 1965.

2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að söluverð rafmagns frá rafmagnsveitum ríkisins til héraðsrafmagnsveitna skuli vera jafnhátt því verði, er Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir Landsvirkjun fyrir rafmagn, og verð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins skal vera hið sama og rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Ríkissjóður greiðir þann halla, sem verða kann á rekstri rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins vegna fyrir-mæla þessarar greinar.

3. Á eftir 12. gr. komi

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórnin skipar 5 manna nefnd til þess að endurskoða raforkulögin, nr. 12 2. apríl 1946, og framkvæmd þeirra með tilliti til þess að koma bættu skipulagi á stjórn raforkumála í landinu og ódýrari og hagkvæmari rekstri. Fjórir nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu þingflokka, einn frá hverjum, en einn án tilnefningar og sé hann formaður. Nefndin skili álit fyrir næsta reglulegt Alþingi.